

Lög

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 12. gr. g laganna koma tvær nýjar greinar, 12. gr. h og 12. gr. i, svohljóðandi:

a. (12. gr. h.)

Eftir umsókn þar um og að fenginni umsögn lögreglu skal Útlendingastofnun veita útlendingi, sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í sex mánuði þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi brott úr landi á þessu tímabili.

Nú er rökstuddur grunur um að gert sé tilkall til stöðu fórnarlambis í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

b. (12. gr. i.)

Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt þegar annað tveggja á við:

- það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi, eða
- það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 9. september 2010.

